

30. ÁGÚST
2024

HARPA
ELDBORG

# Klassíkin okkar

## Á VALDI TILFINNINGANNA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

**Tónleikarnir eru u.þ.b. 2 klst. að lengd
með 20 mínútna hléi.**

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands
og RÚV og verður þeim sjónvarpað beint á RÚV
og útvarpað síðar á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

KVIKA Eignastýring
Radisson Blu 1919 Hotel, Reykjavik
TVG-ZIMSEN
Reykjavíkurborg
Stjórnarráð Íslands Menningar- og viðskiptaráðuneytið

# Klassíkin okkar

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG 30. ÁGÚST KL. 20

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

**Bjarni Frímann Bjarnason**
hljómsveitarstjóri

**Agnes Thorsteins**
**Bubbi Morthens**
**Gunnar Björn Jónsson**
**Karin Björg Torbjörnsdóttir**
**Ólafur Kjartan Sigurðarson**
**Una Torfadóttir**
einsöngvarar

**Sigrún Eðvaldsdóttir**
einleikari

**Mótettukórinn**
**Stefan Sand**
kórstjóri

**Söngsveitin Fílharmónía**
**Magnús Ragnarsson**
kórstjóri

**Guðni Tómasson**
**Halla Oddný Magnúsdóttir**
kynnar

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.

**Gioachino Rossini**
William Tell, forleikur (lokahluti)

**Sergej Prokofíev**
Montag og Kapúlett úr Rómeó og Júlíu

**Jacob Gade**
Tango Jalousie

**Leonard Bernstein**
Mambo úr West Side Story

**Wolfgang Amadeus Mozart**
Soave sia il vento úr Così fan tutte

**Anna Meredith**
Nautilus

**Una Torfadóttir**
Fyrrverandi (úts. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir)

**Wolfgang Amadeus Mozart**
Lacrimosa úr Requiem

**Hlé**

**Aaron Copland**
Fanfare for the Common Man

**Gioachino Rossini**
Kattadúettinn

**Bubbi Morthens**
Kveðja (úts. Þórður Magnússon)

**Bedřich Smetana**
Moldá

**Giuseppe Verdi**
Dies irae úr Requiem

**Sigvaldi Kaldalóns**
Ave María (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)

**Ludwig van Beethoven**
Óðurinn til gleðinnar úr Sinfóníu nr. 9

# Um tónlistina



Sigvaldi Kaldalóns



Ludwig van Beethoven

Tengsl tónlistar við tilfinningalíf mannsins eru djúpstæð og margvísleg. Tónlistin léttir okkur lund og kemur okkur jafnvel til að hlæja. Hún vekur hjá okkur trega, sorg og samlíðan, kveikir með okkur ótta og jafnvel örvæntingu. Hún tengir okkur við löngu gleymdar minningar, fær hárin til að rísa og hjartað til að slá hraðar. *Klassíkin okkar* er í ár helguð því magnaða litrófi tilfinninga sem tónlistin geymir og hvert okkar upplifir og túlkar með sínum hætti.

Tónleikarnir hefjast á dillandi og eftirvæntingarfullum forleik Rossinis að óperunni um Vilhjálm Tell. Ástin birtist víða í verkunum sem á eftir koma – en hún dregur oft með sér myrkari tilfinningar – afbrýðisemi, reiði, heift og ofsa. Þetta heyrum við til að mynda í trylltum átakakafla úr ballett Prokovíevs um Rómeó og Júlíu – og ekki síður í hinum ástríðufulla Tango Jalousie eftir Jacob Gade. Áður en Lacrimosa-kaflinn frægi úr Sálumessu Mozarts syngur okkur inn í hlé fáum við að heyra kraftmikið samtímaverk eftir skoska tónskáldið Önnu Meredith þar sem sumir skynja fjör og hvatningu en aðrir kvíða og angist – en hverfum svo inn í ljúfsárar og skemmtilega sammannlegar tilfinningar Unu Torfadóttur í lagi hennar Fyrrverandi.

Efnisskráin hefst að nýju eftir hlé með hátíðlegum lúðrablæstri úr smiðju Aarons Coplands – tónlist sem lyftir okkur upp úr striti hversdagsins. Í verkunum sem á eftir fara kynnumst við þó ekki bara upphafinni tónlist, heldur líka sprenghlægilegri, blíðri, sætbeiskri og dálítið óræðri. Kannski er styrkur tónlistarinnar einmitt sá að geta hafið sig yfir merkimiða orðanna og leitt okkur inn á ókannaðar sálarlendur. Þó er þörf okkar fyrir tónlistina ef til vill mest þegar sorg og tregi sækja að. Þannig hefur Kveðja Bubba Morthens verið mörgum svölun á þungbærum stundum, rétt eins og Ave Maria eftir Sigvalda Kaldalóns. Tónlistin fylgir okkur frá vöggu til grafar og tengir okkur saman þegar mest liggur við. Fögnuður og samkennd eiga sviðið í lokin þegar einsöngvarar, kórar og hljómsveit syngja Óðinn til gleðinnar úr níundu sinfóníu Beethovens í íslenskri þýðingu Matthíasar Jochumssonar.

H. O. M.

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

**1. fiðla**
Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari
Una Sveinbjarnardóttir
Pétur Björnsson
Joanna Bauer
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laura Liu
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir

**2. fiðla**
Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Greta Guðnadóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

**Víóla**
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sarah Buckley
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

**Selló**
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Hjörtur Páll Eggertsson
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Guðný Jónasdóttir

**Bassi**
Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Richard Korn

**Flauta**
Áshildur Haraldsdóttir
Hafdís Vigfúsdóttir
Martial Nardeau

**Óbó**
Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

**Klarínett**
Grímur Helgason
Helga Björg Jóhönnu Arnardóttir
Rúnar Óskarsson
Finn Schofield

**Saxófónn**
Sigurður Flosason

**Fagott**
Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason
Cameron Anderton

**Horn**
Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Antonio Adriani

**Trompet**
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Øyvind Lapin Larsen

**Básúna**
Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

**Bassabásúna**
David Bobroff

**Túba**
Vivian Kung

**Harpa**
Katie Buckley

**Píanó**
Liam Kaplan

**Pákur**
Soraya Nayyar

**Slagverk**
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

**Trommusett**
Kjartan Guðnason

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir
*framkvæmdastjóri*
Valdís Þorkelsdóttir
*viðburða- og skipulagsstjóri*
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
*verkefnastjóri viðburða*
Hjördís Ástráðsdóttir
*fræðslustjóri*
Dagrún Hálfdánardóttir
*mannauðsstjóri*

Tryggvi M. Baldvinsson
*listrænn ráðgjafi*
Jökull Torfason
*verkefnastjóri dagskrárgerðar*
Margrét Ragnarsdóttir
*markaðs- og kynningarstjóri*
Kristín Björg Björnsdóttir
*markaðsfulltrúi*
Svanhvít Hrólfsdóttir
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen
*nótnavörður*
Cameron Anderton
*umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgúlfsdóttir
*sviðs- og tæknimaður*

# KÓRAR

**Söngsveitin Fílharmónía**

Agnes Hlynsdóttir
Agnes Jórunn Andrésdóttir
Alain Corbeau
Anna Margrét Björnsdóttir
Anne Keil
Arnór Bogason
Ása Sjöfn Lórensdóttir
Ásdís Ármannsdóttir
Ásdís Björg Gestsdóttir
Ásdís Björk Kristjánsdóttir
Áslaug Anna Þorvaldsdóttir
Ásthildur Erlingsdóttir
Bára Elíasdóttir
Birgir Tryggvason
Björn Reynir Halldórsson
Bryndís Jóhannesdóttir
Brynjar Ö. Guðnason
Dagbjört Andrésdóttir
Dagný Arnalds
Dagný Björk Guðmundsdóttir
Davíð Hörgdal Stefánsson
Diljá Hlynsdóttir
Doruk Beyter
Egill Pálsson
Einar Karl Friðriksson
Elva Rakel Jónsdóttir
Georg Haney
Gísli Leifsson
Guðjón Emilsson
Guðlaug Kristjánsdóttir
Guðmundur Alfreðsson
Guðmundur Gauti Kristjánsson
Gunnar Freyr Steinsson
Gunnar Þorgilsson
Hans Júlíus Þórðarson
Harpa Hrund Berndsen
Haukur K. Bragason
Hákon Hákonarson
Heimir Þór Kjartansson
Helga Kolbrún Magnúsdóttir
Helgi Heiðar Stefánsson
Hildur Halldórsdóttir
Hildur Jósteinsdóttir
Hildur Pétursdóttir
Hlín Kristbergsdóttir
Hólmfríður Steinþórsdóttir
Hrafnkell Orri Sigurðsson
Hulda Hjartardóttir
Jóhanna Hólmfríður Helgadóttir
Jónas Örn Helgason
Jósúa Theodórsson
Kolbrún Hjálmtýsdóttir
Kristjana Skúladóttir
Kristján Kristinsson
Margrét Leví Ásgeirsdóttir
María Gísladóttir
María Guðmundsdóttir
Maximilian Lanz
Márus Björgvin Gunnarsson
Oddgeir Páll Georgsson
Oddur Smári Rafnsson
Orri Jónsson
Ólafur Guðmundsson
Óskar Ericsson
Pálína Sigurðardóttir
Páll Tómas Viðarsson
Pétur Nói Stefánsson
Pétur S. Gunnarsson
Rúna Vala Þorgrímsdóttir
Sigríður Rósa Snorradóttir
Sigurður Þorkell Vignir Ómarsson
Sigþrúður Gunnarsdóttir
Soffía Björk Smith
Sólrún Jónsdóttir
Sólrún Svava Skúladóttir
Steinunn Anna Sigurjónsdóttir
Svanhvít Lilja Ingólfsdóttir
Sverrir Már Sverrisson
Unnur Sigmarsdóttir
Þengill Ólafsson
Þorbjörg Sigfúsdóttir
Þorkell L. Magnússon
Þorkell Máni Þorkelsson
Þorsteinn Magni Björnsson
Þorsteinn Þorsteinsson
Þóra Harðardóttir
Þóra Hermannsdóttir Passauer
Þóra Marteinsdóttir
Þórsteinn Ágústsson

**Mótettukórinn**

Alís Heiðar
Anna Lilja Torfadóttir
Anna Samúelsdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Atli Freyr Steinþórsson
Eðvarð Ingólfsson
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halla Jónsdóttir
Halldís Ólafsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Hrólfur Gestsson
Ingibjartur Jónsson
Ingimar Björn Eydal
Ingólfur Jóhannesson
Ingvar Jón Bates Gíslason
Katrín Sverrisdóttir
Kjalar Martinsson Kollmar
Kristín Bergsdóttir
Magnús Pétursson
Martin Kollmar
Ragnheiður Gylfadóttir
Rut Guðmundsdóttir
Sarka Veronika
Sigurjón Jóhannsson
Sveinn Ingi Reynisson
Unnur Hjálmarsdóttir
Valgerður Ólafsdóttir
Vilborg Magnúsdóttir

# Á döfinni

05.09 **FIMMTUDAGUR**
Kl.19:30



## Wagner-veisla

Á fyrstu áskriftartónleikum starfsársins verður blásið til sannkallaðrar Wagner-veislu þar sem Ólafur Kjartan Sigurðarson syngur stórbrotnar aríur úr nokkrum af dáðustu óperum Richards Wagner, auk þess sem grípandi og áhrifamiklir óperuforleikir meistarans fá að hljóma undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ólafur Kjartan er staðarlistamaður hljómsveitarinnar í vetur, en hann hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem Wagnertúlkandi á heimsmælikvarða. Ólafur Kjartan hefur sungið burðarhlutverk í óperum Wagners í mörgum af helstu óperuhúsum heims, þar á meðal á hinni virtu Bayreuthhátíð í Þýskalandi, sem Wagner stofnaði sjálfur utan um flutning verka sinna árið 1876.

**Í tali og tónum með Ólafi Kjartani**
Þriðjudaginn 3. september gefst áhugasömum tækifæri til að kynnast staðarlistamanni vetrarins. Ólafur Kjartan verður tekinn tali og mun einnig syngja valdar óperu aríur með píanóundirleik. Kynningin fer fram í Norðurljósum kl. 18:00 og er öllum opin.

13.09 **FÖSTUDAGUR**
Kl. 20:00

14.09 **LAUGARDAGUR**
Kl. 16:00



## Tölvuleikjatónlist

Tölvuleikir eru gróskumikill og litskrúðugur geiri menningarlífsins þar sem tónlistin leikur oftar en ekki mikilvægt hlutverk. Hún á ríkan þátt í að skapa veröld þar sem leikurinn á sér stað, tónlistin mótar andrúmsloft leiksins og framvindu – og tilfinningalegt ástand spilarans um leið. Tónleikar þar sem sinfóníuhljómsveitir leika þekkta og vinsæla tónlist úr tölvuleikjum hafa notið mikilla vinsælda um allan heim síðustu ár og hafa margir tölvuleikjaunnendur beðið þess með mikilli eftirvæntingu að Sinfóníuhljómsveit Íslands fetaði í þau fótspor.

Á þessum tölvuleikjatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands fer hljómsveitin undir stjórn Eímear Noone með okkur í stórkostlegt ferðalag um fjarlæga framtíð, vandasöm völundarhús, töfraheima og hamfaraveröld í gegnum magnaða tónlist úr tölvuleikjum á borð við, Kingdom Hearts, The Last of Us, Fortnite, Civilisation VI, Sea of Thieves, Resident Evil V, Call of Duty: Modern Warfare III og Eve Online.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

# Áskrift að upplifun

## 2024 | 2025

Framundan er 75. starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands og verður því fagnað með sérlega glæsilegri og fjölbreyttri dagskrá.

Með áskrift að tónleikaröð eða Regnbogakorti tryggir þú þér besta miðaverðið og öruggt sæti. Sala korta stendur nú yfir á **sinfonia.is** og í miðasölu Hörpu.

75
ÁRA

